

Nd.

**275. Frumvarp til laga**

[152. mál]

um laun forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 84. löggjafarþingi, 1963--64.)

**1. gr.**

Forseti Íslands hefur að launum kr. 35 000.00 á mánuði.

**2. gr.**

Forseti hefur ókeypis bústað, ljós og hita og er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum.

**3. gr.**

Allan útlagðan kostnað forseta vegna rekstrar embættisins ber að greiða úr ríkis-sjóði sérstaklega.

**4. gr.**

Þeir, er fara með forsetavald um stundarsakir, sbr. 8. gr. stjórnarskráinnar, skulu samanlagt, meðan þeir gegna starfanum, njóta jafnra launa, miðað við mán-aðarstarfstíma, og mánaðarlaun forsetans eru. Skulu launin skiptast að jöfnu milli þeirra. Auk þess skulu þeir fá greiddan útlagðan kostnað vegna starfans.

**5. gr.**

Lög þessa öðlast þegar gildi.

Frá 1. júlí 1963 fer um laun forseta Íslands eftir ákvæðum þessara laga. Jafn-framt eru úr gildi feldlög nr. 37 17. júní 1944 og lög nr. 94 15. desember 1952, um breyting á þeim lögum.

**A thugas emdir við lagafrumvarp þetta.**

Í lögum nr. 94 15. desember 1952 voru forseta Íslands ákveðin 85 000.00 króna grunnilaun á ári auk verðlagsuppbótar. Með þeim hækjunum, sem síðan hafa orðið, eru mánaðarlaun forsetans nú kr. 19 967.00.

Á s. l. sumri ákvað Kjaradómur ný launakjör til handa opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af ákvörðun Kjaradóms þykir rétt að leggja til, að laun forseta Íslands verði ákveðin eins og gert er í 1. gr. þessa frumvarps.

Að öðru leyti en því, er varðar launafjárhæðina, er frv. þetta efnislega óbreytt frá gildandi lögum.